

# Námsvísar

**Fag:** Samfélagsfræði

**Kennarar:** Anna Margret Sigurðardóttir og Brynhildur Erla Jakobsdóttir

**Tímafjöldi á viku:** 3 kennslustundir að meðaltali

**Bekkur:** 3 og 4. Bekkur 2019-2020

## Kennsluaðferðir og skipulag:

Undir samfélagsgreinar heyra nú saga, landafræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og siðfræði. Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda og sögu. Einnig að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf. Markmið samfélagsgreina er að nemendur tileinki sér réttisýni sem meðal annars byggir á hæfni til þess að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir umhverfið og þjóðfélagið í heild. Samfélagsgreinar örva bæði skapandi og gagnrýna hugsun og hvetja nemendur til þess að færa rök fyrir máli sínu og meta samkvæmni í skoðunum. Námi í siðfræði og trúarbragðafræði er ætlað að stuðla að menntun og þroska nemenda og efla skilning þeirra á íslensku samfélagi og menningu í fortíð og nútíð. Nemendur fá leiðsögn í lýðræðislegum vinnubrögðum eins og þau geta komið fyrir á öllum þessu sviðum hvort sem um er að ræða fjölskylduna, vinnuhópin, skólann eða samfélagið í víðara samhengi. Nemendur þjálfast í að greina margs konar gögn, túlka margvíslegar heimildir og meta frásagnir um fjölbreytileg lífsskilyrði fólks sem og þróun samfélags og menningar. Nemendur fræðast um réttindi sín og skyldur og læra um stofnanir samfélagsins. Helstu kennsluaðferðir eru hlutverkaleikir, leikræn tjáning, sköpun, söngur, tjáning, umræður, vettvangsferðir, viðfangsefni tengd daglegu lífi og sýningar. Nemendur vinna sjálfstætt/paravinnu/hópavinnu í kennslustundum allt eftir eðli verkefnanna. Lögð verður áhersla á öguð og vönduð vinnubrögð á öllum sviðum. Mikil samþætting er við aðrar námsgreinar t.d. myndlist, íslensku og náttúrufræði. Lögð verður áhersla á að vinna á sem fjölbreyttastan hátt þannig að geta og færni hvers og eins geti notið sín. Textar verða lesnir saman og efnislegar umræður verða út frá þeim. Lagt er áherslu á að nota upplýsingatækni, gagnvirka vefi og fræðslumyndbönd til þess að dýpka skilning og upplifun nemenda.

## Grunnpættir menntunar

Grunnpáttur	Áherslupættir
Heilbrigði og velferð	Í skiplagi námsins er tekið mið af þörfum nemenda svo allir fái tækifæri á að láta styrkleika sína njóta sín sem er lykilþáttur í að byggja upp sterka sjálfsmynd
Jafnrétti	Nemendur fá tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fá námsefni og kennslu sem hentar stöðu hvers og eins. Unnið að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur taka virkan þátt í kennslustundum og hafa þannig áhrif á nám sitt, þeir eru hvattir til að taka afstöðu til álitamála. Tekið er tillit til áhuga nemenda og þeir hvattir til ábyrgðar á eigin námi.
Læsi	Nemendur vinna með ólíka texta. Auka náttúru- og samfélagslæsi út frá fjölbreyttri vinnu.
Sjálfbærni	Áhersla er á að nemendur þekki, skilji og virði náttúruna og geti haft áhrif á að skapa samábyrgt samfélag þar sem hver og einn getur haft áhrif.
Sköpun	Nemendur fá tækifæri á að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til og gera eitthvað nýtt. Nemendur fá að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga og virkja ímyndunaraflíð í gegnum vinnu sína.

## Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Kennslu- / námsaðferðir	Mat
Skóli og heimabyggð	-Viðtöl við íbúa sveitarfélagsins	Að nemandi: - þekki til nokkurra atriða í sögu heimabyggðar kynnist nánasta umhverfi sínu	-Viðtöl -Upplýsingaöflun í tölvum -Samtöl og umræður	-Jafningjamat -Sjálfsmat -Leiðsagnarmat
Umheimurinn og nánasta umhverfi	-Vettvangsferðir um sveitarfélagið			

	-Vefir tengdir stofnunum í sveitarfélaginu	-geti áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi,			
<b>Samfélag, saga, menning</b>	-Komdu og skoðaðu landnámið	-sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir,  -nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar,  -velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika,  -sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrir og nú,  -bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim,	-KVL -Umræður -Hópverkefni unnin út frá áhugasviði nemenda	-Jafningjamat -Sjálfsmat -Leiðsagnarmat	
<b>Trúarbragðafræði</b>	-Birta -Efni frá kennara og af vef	-auki við þekkingu sína á atburðum tengdum jólum -þekki atburði pálmásunnudags,	-Verkefnavinna í vinnubók -Umræður -Orð af orði	-Spurningar og umræður: Við lestur námsefnis eru lagðar fram spurningar úr efninu og nemendur hvattir	

		skírdags, föstudagsins langa og páskadags -kynnist íslenskum sálmum og tónlist sem tengist jólum og páskum		til að taka þátt í umræðum um það. -Mat á frammistöðu í tímum	
<b>Lífsleikni og jafnrétti</b>	-Eineltishringurinn -Barnasáttmáli -Sameinuðu -Þjóðanna -Tölvuöryggi -Bekkjarfundir	-Að nemandi læri að greina á milli eigin reynslu og reynslu annarra, t.d. með því að bera saman frásögn sína og annars bekkjarfélaga af atburði eða upplifun -geti sagt dæmi af mismunandi siðum og venjum í heiminum, t.d. í borðhaldi og hátíðahaldi, og öðlist virðingu fyrir menningu annarra þjóða -kynnist því að börn búa við ólíkar efnahagslegar og félagslegar aðstæður í heiminum -þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna	-Umræður og áhorf á myndbönd sem tengdust viðfangsefni hverju sinni	Sjálfsmat Jafningjamat Leiðsagnarmat Mat á frammistöðu í tímum	

		<p>sem á að tryggja öllum börnum ákveðin sameiginleg réttindi</p> <ul style="list-style-type: none"><li>-sýni tillitsemi og virðingu við aðra</li><li>-átti sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum</li><li>-skilur afleiðingar gjörða sinna</li><li>-sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíka reglu</li><li>-tileinki sér þær öryggisreglur sem eru í gildi á veraldarvefnum</li></ul>			
--	--	--	--	--	--